

kostnaðinn í héraði. En áfrýjendum ber eftir þessum úrslitum málsins að greiða stefnda, Louis Zöllner, málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn -á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir Árni bóndi Davíðsson á Gunnarsstöðum og Hjörtur hreppstjóri Þorkelsson á Ytra-Álandi greiði in solidum stórkaupmanni Louis Zöllner í Newcastle on Tyne málskostnað fyrir yfirdómi með 40 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagði aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 18. marzmán.

Nr. 37/1906:

Valdemar Thorarensen
gegn
Snorra Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í héraði af kaupmanni Snorra Jónssyni á Oddeyri út af verzlunarviðskiftaskuld, er talin er að upphæð 90 kr. 75 a., gegn kandidat Valdemar Thorarensen á Akureyri, og var málið dæmt í aukarétti

Akureyrarkaupstaðar 5. júní f. á., á þá leið, að Valdemar Thorarensen var skyldaður til að greiða Snorra Jónssyni af hinni umkröfðu upphæð 56 kr. 17 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir kandidat Valdemar Thorarensen skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 25. ágúst f. á., og gjört þær réttarkröfur hér fyrir réttinum, að skuldin verði færð niður svo, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða 29 kr. 74 a.; jafnframt hefir hann krafist þess, að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum. Stefndi Snorri kaupmaður Jónsson hefir af sinni hálfu krafist þess, að dómurinn verði staðfestur, og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað. Þar sem stefndi annars aðallega hefir farið fram á það, að dóminum verði breytt sér í vil, getur það eigi komið til álita, með því að hann hefir eigi gagnáfrýjað málinu.

Áfrýjandi hefir fyrst haldið því fram, að stefndi hafi sett vörur nokkrar með of háu verði í verzlunareikninginn (lampa o. fl.) og krefst verðlækkunar á þessum vörum, er nemur 1 kr. 13 a. En hann hefir eigi gegn neitun stefnda sannað, að honum hafi verið lofað vörunum með hinu lægra verðinu, eða að hann annars, eins og viðskiftunum var háttað, hafi átt heimtingu á lægra verðinu, og verður því þessi krafa hans um verðlækkun eigi tekin til greina.

Þá telur áfrýjandi sig vanhaldinn við það, að honum eru í aukaréttardóminum að eins dæmd 15% innheimtulaun af 33 kr. skuld, er hann tjáist hafa innheimt fyrir stefnda; kveðst hann vera vanur að reikna sér

25% í innheimtulaun, og krefst þess nú einnig af þessari upphæð. En eigi hefir hann sannað að hann hafi samið um þessi innheimtulaun við stefnda, sem hefir mótmælt þeim, og þó hann kunni að vera vanur að reikna sér hin hærri innheimtulaunin, sem annars ekkert er upplýst um, þykir eftir öllu því, sem fram er komið í málinu um viðskifti málsaðilanna, eigi ástæða til að dæma honum hærri innheimtulaun af smáupphæð þessari en undirdómarinn hefir gjört, og verður krafa hans hér að lútandi því eigi tekin til greina.

Þá telur áfrýjandi það rangt í aukaréttardómnum, að krafa hans gegn stefnda um kaup fyrir afskifti hans í þarfir stefnda í skuldamáli gegn Einari Guðmundssyni er færð úr 15 kr. niður í 10 kr., og krefst hann breytingar á dómnum að þessu leyti. Eftir því sem upplýst er um afskifti stefnda af greindu máli og fyrirhöfn hans í því, virðast eigi hafa verið nægileg rök til þess að færa kröfu hans niður um 5 krónur, og þykir rétt að taka þennan mismun til greina til niðurfærslu á skuld hans.

Þá hefir áfrýjandi gjört kröfu á hendur stefnda fyrir samtali við hann út af ofni eða eldavél í húsi Jóh. Thorarensens, er nemur 2 kr., og ennfremur kröfu fyrir það að hann hafi kynt sér leigusamning Sigurðar Pálssonar og látið uppi álit sitt um hann, og er krafa þessi upp á 15 kr., en þessi samtöl áfrýjanda við stefnda virðast eigi hafa verið svo löguð, að hann geti reiknað sér neina borgun fyrir þau, enda mun stefndi frá upphafi eigi hafa búist við því, að hann ætti eða þyrfti að greiða borgun fyrir samtölin.

Áfrýjandi hefir eigi farið fram á, að aukaréttardómnum sé breytt frekar en nú hefir verið tilgreint, og ber þá eftir framansögðu að færa dómskuldina niður um 5 kr. eða ofan í 51 kr. 17 a. Með þessari breytingu á upphæðinni á nefndur dómur að vera óraskaður, einnig ákvæði hans um málskostnað. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi cand. phil. Valdemar Thorarensen greiði stefnda kaupmanni Snorra Jónssyni kr. 51,17 — fimtíu og eina krónu og 17 aura, með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 54/1906:

Guðgeir Jóhannsson

gegn

skiftaráðandanum í dánarbúi Þorláks Guðmundssonar, svo og erfingjum hans Eyólfi Teitssyni og Grími Jóhannssyni.

D ó m u r:

Í máli þessu er áfrýjað úrskurði skiftaréttar Reykja-